



Vegagerðin, Vestursvæði  
Borgarbraut 66  
310 Borgarnes

Reykjavík, 27. nóvember 2020  
UST202011-056/H.R.A.  
08.06.02

### Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 6. nóvember sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Vegagerðina vegna frávíka er skráð voru í eftirliti stofnunarinnar hjá Vegagerðinni Ísafirði þann 19. ágúst sl. Frestur var veittur til 18. nóvember sl. til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Stærð lekavarnarþróar nær ekki 90% af stærð stærsta geymis skv. ákvæðum starfsleyfis
2. **Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Mæla skal olú í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2015. Þó skiljurnar séu þjónustaðar reglulega þarf samt sem áður að gera mælingu skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Skv. rekstraraðila mun mæling fara fram á næstu vikum.
3. **Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Þrýstiprófa skal lagnir á 5 ára fresti. Þrýstiprófa átti löndunarbarka árið 2019 en í ljós kom að ekki er hægt að þrýstiprófa þá með venjubundnum aðferðum. Rekstraraðili skal leggja fram aðrar tillögur um viðeigandi prófanir á borkunum til eftirlitsaðila til samþykktar.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 18. nóvember sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 10. desember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 30.360.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [helga.arnarsdottir@ust.is](mailto:helga.arnarsdottir@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða